

NES FRÉTTIR

SEPTEMBER 2016 • 9. TBL. • 29. ÁRG.

AUGLÝSINGASÍMI
511 1188



Vesturbæjarútibú við Hagatorg

**PANTAÐU Á
DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345



Gleðin var í fyrirrúmi á Seltjarnarnesi í lok ágúst sl. þegar bæjarhátíð Seltjarnarness fór fram. Þetta var í þriðja sinn sem hún var haldin en hátíðin í ár var sú umfangsmesta og fjölbreytt dagskrá á boðstólnum. Það var metþátttaka og veðrið lék við bæjarbúa alla helgina. Á myndinni er Ingó (fyrrum Veðurguð) að stýra fjöldsöng í Plútóbrekku sem var hátindur bæjarhátíðarinnar. Sjá nánar bls. 8.

Himnasending?

HAPPA PRENNAN
Skemmtilegt að skafa!

Myndlistarvörur
Allt sem þú þarft
í Borgartúni 22

Slippfélagið
Málningarverksmiðja

Borgartúni 22
Opið: 8-18 virka daga
10-14 laugardaga

SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is

24
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

græn heilsa
heilsuverslun

lifestream
hrein lífræn næring

Ægisíða 121 [f](#) /grænheilsa

NES FRÉTTIR
Auglýsingasími
511 1188



Í gamla Héðinhúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

ÓKEYPIS
GREIÐSLUMAT
Á NETINU

 HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka
er endurgjaldslaust til ársloka

 Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298
 RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórður Ingimarsson
 UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is
 Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Eiðistorgið

Sviðsljósið er smám saman að beinast að Eiðistorginu. Bókasafnið hefur breyst úr einfaldri útlánastofnun í alhliða menningarmiðstöð. Einstaklega skemmtilegt barnaumhverfi hannað af Theresu Himmer í miðju safnsins hefur breytt ásýnd þess verulega. Gallerí Gróttu er farið að vekja athygli myndlistarmanna og farið er að efnu til ýmissa menningarviðburða í safninu. Betri aðstöðu vantar þó enn fyrir kaffigesti – einkum góða kaffivél til að fólk geti valið sér fjölbreytta kaffidrykki. Einnig er spurning um hvort ekki sé ástæða til að hafa safnið opið á laugardögum – til dæmis á milli kl. 12 og 16.

Fyrir rúmum tveimur árum stofnsetti Seltirningurinn Jón von Tetzchner frumkvöðlasetrið Innovation House á Eiðistorgi. Þar starfar nú tugir ungs fólks – einkum að tölvunarmálum. Jón hefur ekki látið þar við sitja. Innan tíðar mun nýtt kaffihús opna í húsakynnum gömlu Blómastofunnar, sjónvarpsstöðin Hringbraut er kominn í fyrnum húsnæði Íslandsbanka og von mun vera á meiri starfsemi þótt allt þurfi sinn tíma.

Seltirningar njóta takmarkaðra tekna af ferðaþjónustu líkt og stór hluti af austurhófuðborgarsvæðinu. Ferðaþjónustan miðast enn einkum við póstnúmerasvæðin 101 og 107. Ekki dugar að markaðssetja Nesið sem Seltjarnarnes. Hverjum kæmi til hugar að markaðssetja Asker, Bærum, Björvika, Grönland eða Grönelykke í Osló undir hverfaheitunum eða Gentofte, Vangade eða Rödovre í Kaupmannahöfn.

Útlendingar þekkja tæpast þessi nöfn - ekki frekar en Seltjarnarnes, Kópavog eða Garðabæ. Útborgir og úthverfi eru víðast hvar markaðssett undir heitum borganna sjálfra en ekki útborga eða hverfa hvað sem sveitarfélagskiptingu varðar.

Á Eiðistorgi eru kjörið rými til þess að starfrækja ferðaþjónustu og umhverfi Seltjarnarness og saga eru til þess fallin að vekja áhuga ferðalanga. Af hverju ekki að fara af stað.

Nesfréttir hafa oft hvatt Seltirninga til þess að nýta sér torgið. Nú er margt sem bendir til að bæjarbúar og aðrir líti í meira mæli þangað þegar þeir fá sér göngu-, hjól- eða bíltúr.

Bætt starfsaðstaða Leikskóla Seltjarnarness



Ný vinnuaðstaða fyrir kennara í Leikskóla Seltjarnarness var sett upp við Mánabrekku í sumar og verður tekin í notkun síðar í mánuðinum. Þessa dagana er verið að setja inn búnað og leggja lokahönd á tengingar og frágang hússins. Húsið sem gengur undir nafninu „Höllin“ er með starfsaðstöðu fyrir allt að fimm manns og kærkomin viðbót við húsnæði leikskólans.

Leikskólakennarar munu nú eiga mun auðveldara með að sinna undirbúningi í leikskólanum og aðstaða fyrir skrifstofuvinnu, fundi, foreldraviðtöl og annað sem fylgir starfsemi þar til muna auk þess sem aukið rými skapast fyrir aðra starfsemi í Mánabrekku og Sólbrekku. Til viðbótar við þessa nýju starfsaðstöðu voru talsverðar endurbætur gerðar á lóðum leikskólans í sumar sem bæta leik- aðstöðu og auka öryggi barnanna.

Leikskólastarfið er nú komið í fullan gang og í ágúst mánuði sl. hófu 58 börn frá 14 mánaða aldri leikskólagöngu, en alls eru 196 börn í leikskólanum. Aðlögun yngstu barnanna hefur gengið vel, en sá háttur er hafður á að öll ný börn byrja á sama tíma og aðlögun lýkur mun fyrr en áður tíðkaðist. Í starfsáætlun leikskólans, sem kynnt hefur verið foreldrum, verður á skólaárinu lögð áhersla á forvarnarverkefni Barnaheilla gegn einelti sem nefnist Vinátta, auk þess sem tónlist, SMT – skólafærni og umhverfismennt skipa að vanda veglegan sess í dagskránni. Læsi og lestrarhvetjandi verkefni verða hluti að daglegri starfsemi auk þess sem unnið verður sérstaklega með hreyfingu yngri barna í samstarfi við Hreyfiland og hreyfingu þeirra eldri í samstarfi við Gróttu.



Mjúkir mánudagar: 10 - 18.
 Þri. - fös.: 9 - 18.
 Laugardagar: 10 - 16.

sjá nánar á www.facebook.com/Systrasamlagid

Ný heimasíða
www.systrasamlagid.is

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
 Fyrir neðan sundlauginu og World Class.
 Sími: 511 6367



Nesbíúinn



Er að lifna
 yfir Eiðistorginu?

**EYKUR ÞITT
NÁTTÚRULEGA
Q10 Í HÚÐINNI**

**ENDURHEIMTU 10 ÁRA
TAPAD MAGN AF Q10
Á AÐEINS TVEIM VIKUM**



Endurvinnsla á plasti tvöfaldast



Íbúar á Seltjarnarnesi hafa aukid plastsöfnun til muna það sem af er ári. Bæði hefur safnast meira í grenndargám við Eiðistorg, miðað við síðasta ár, og hluti íbúa nýttir sér sérstaka plastpoka fyrir plastumbúðir sem mega fara í heimilistunnuna. Plastpokarnir eru hluti af tilraunaverkefni SORPU og Seltjarnarnesbæ en verkefnið hófst í lok maí.

Á aðeins þremur mánuðum hefur verkefnið skilað svipuðu magni af plastumbúðum til endurvinnslu og bárust allt árið í fyrra í grenndargáminn við Eiðistorg. Gert er ráð fyrir að verkefnið standi yfir í um ár. Íbúar geta nálgast pokana fyrir plastið í íþróttamiðstöð Seltjarnarness við Suðurströnd.

Í pokana fara plastumbúðir sem falla til á heimilum, s.s. brúsar, flöskur og plastbakkar undan matvörum og hreinsiefnum, plastflát undan mjólkurvörum, plastpokar, umbúðir úr frauðplasti o.s.frv. Best er að fjarlægja allar matarleifar og skola efnið svo ekki



komi ólykt við geymslu. Þegar pokinn hefur verið fylltur er bundið vandlega fyrir og hann settur með almennu heimilissorpi í gráu tunnuna. SORPA flokkar svo pokana frá öðrum úrgangi og kemur til endurvinnslu í Svíþjóð.

Með því að flokka plast stuðla íbúar að betri nýtingu auðlinda og sporna gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum því fyrir hvert kíló af plasti sem fer til endurvinnslu sparast um tvö kíló af olíu. Bæjarbúar eru hvattir til að taka þátt í þessu mikilvæga verkefni, en samkvæmt SORPU leynist enn töluvert plast í ruslinu sem getur orðið hráefni í nýjar vörur ef það er flokkað.

Læsi er lykilatriði

Fræðslufundir um lestrarnám og læsi



Öllum foreldrum og forráðamönnum leik- og grunnskólabarna á Seltjarnarnesi var boðið til fræðslufunda um lestrarnám og læsi, nú fyrr í mánuðinum á Bókasafni Seltjarnarness. Fræðslufundirnir eru hluti af verkefninu Læsi er lykilatriði og voru þeir haldnir í samstarfi við Læsissteymi Menntamálastofnunar. Á fundunum fjölluðu fulltrúar læsissteymisins meðal annars um:

- Hvað er læsi og að geta lesið sér til gagns.
- Þróun læsis frá upphafi leikskóla til loka grunnskóla.
- Aðferðir til að efla lesskilning.
- Ráðleggingar til foreldra um hvernig þeir geti stuðlað að farsælu læsinnámi barna sinna.

Í lok hver erindis var svo boðið upp á stutta kynningu á safnkosti bókasafnsins og því sem safnið hefur upp á að bjóða fyrir börn og unglinga.

Læsi er lykilatriði

Læsi er lykilatriði er samstarfsverkefni Leikskóla Seltjarnarness, Grunnskóla Seltjarnarness, Skólaskrifstofu Seltjarnarnesbæjar og Bókasafns Seltjarnarness. Markmið verkefnisins er fyrst og fremst að efla lestrargetu barna og ungmenna og að bæta árangur nemenda í læsi. Aðkoma foreldra og forráðamanna að lestrar og læsinnámi barna er afar mikilvæg allt árið um kring. Markviss fræðsla til foreldra um þróun málþroska, hljóðkerfisvund, grunnþætti lesturs, lestur, lesskilning, málörvun og þjálfun hljóðkerfisvundar er hugsuð sem hluti af verkefninu. Með fræðslufundunum gafst foreldrum mjög gott tækifæri til að styrkja þekkingu sína á því hvernig þau geta stutt sem best við lestrarnám og læsi barna sinna. Í framhaldi af þeim er fyrirhugað að foreldrar leik- og grunnskólabarna fái sendar ýmsar ábendingar um fræðslu og lestrarhvetjandi efni.

www.borgarblod.is



KOMDU MEÐ BÍLINN Í
FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónavíðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgeði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðuskipti
Skiptum um framrúður og önnur annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bil.



Mössun / snyrting á lakk
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkjáþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og máling
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



Bilþvottur / djúphreinsun
Bjóðum við upp á almennan bilþvott, djúphreinsun, bón off. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / skilæði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smáviðgerðir
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is



Skodið ávallt
leiðbeiningar um
notkun lyfsins

Ræðst gegn verkjum



Paratabs®

– Öflugur verkjabani!

Notkunarsvið: Paratabs inniheldur virka efnið parasetamól 500 mg. Paratabs er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Lyfið er m.a. notað við höfuðverk, tannverk, tíðaverk, vöðvaverk og hita. **Skömmtun:** Fullorðnir og unglíngar sem eru 50 kg eða þyngri: 1 til 2 töflur á 4 til 6 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 6 töflur/3 g á dag. Börn og unglíngar sem eru 43-50 kg að þyngd: 1 tafla á 4 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 5 töflur/2,5 g á dag. Börn sem eru 34-43 kg að þyngd: 1 tafla á 6 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 4 töflur/2 g á dag. Börn sem eru 26-34 kg að þyngd: ½ tafla á 4 klst. fresti eða 1 tafla á 6 klst. fresti eftir þörfum, að hámarki 3 töflur/1,5 g á dag. Paratabs 500 mg er ekki ætlað börnum sem eru innan við 26 kg. **Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir parasetamóli eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota lyfið. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta lífrar- og nýrnastarfsemi, samhliða meðferð með lyfjum sem hafa áhrif á á lífrarstarfsemi, skort á glúkósa-6-fosfatdehýdrógenasa, rauðaloslóðleysi, ofnotkun áfengis, ofþornun og langvarandi vannæringu. Fordast skal samhliða notkun Paratabs og áfengis. Paratabs á ekki að nota samtímis öðrum lyfjum sem innihalda parasetamól. Ef teknir eru stærri skammtar en ráðlagðir hámarks-skammtar á sólarhring er hætt við alvarlegum lífrarskemmdum. Langvarandi notkun getur valdið alvarlegum og tíðum höfuðverkjum. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með astma, sem eru næmir fyrir acetylsalicylsýru. Ef há hiti eða einkenni sýkingar eru enn til staðar eftir meðferð í meira en 3 daga, eða ef verkur er enn til staðar eftir meðferð í meira en 5 daga, skal leita til læknis. **Meðganga og brjóstgjöf:** Nota má Paratabs í ráðlögðum skömmtum á meðgöngu eða samhliða brjóstgjöf. **Aukaverkanir:** Parasetamól þolist almennt vel, aukaverkanir eru sjaldgæfar ef ráðlögðum skömmtum er fylgt. Ekki taka meira en ráðlagðan skammt. Athugið að hærri skammtar en ráðlagðir eru geta valdið mjög alvarlegum lífrarskemmdum. **Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Actavis Group PTC ehf. Mars 2015.


Actavis

Langar að gera eitthvað á æskuslóðunum

- segir Jón von Tetzchner sem standur að uppbyggingu á Eiðistorgi

Þessa dagana standa yfir framkvæmdir við útbygginguna á vestasta hluta Eiðistorgsins þar sem Blómastofan var til húsa á árum áður. Húsnæðið hefur staðið autt að undanförunu en innan tíðar verður opnað nýtt kaffihús þar og ísbúð – fyrsta laktósfria kaffihúsið og ísbúðin hér á landi. Kaffihúsið og ísbúðin mun versla með vörur frá fyrirtækinu Örnú í Bolungarvík eftir föngum en einnig öðrum. Til dæmis þegar um innkaup á kaffidrykkjum er að ræða. Örnunafnið er komið frá Hálfadáni Óskarssyni mjólkurtækniþræðingi og frumkvöðuls Örnú í Bolungarvík en dóttir hans heitir Arna og er mjólkurvinnslan nefnd eftir henni.

Vinnuheiti hins tilvonandi kaffihúss er þó Innovation House en það er fyrirtæki sem Jón von Tetzchner fjárfestir setti á stofn á Eiðistorgi fyrir nokkrum árum og starfærkir þar nú frumkvöðlasetur. Jón fjárfesti í Örnú í Bolungarvík um svipað leyti og hefur aukið hlut sinn og staðið þétt við bakið á fyrirtækinu síðan. Jón sem er búsettur í Boston í Bandaríkjunum um þessar mundir var staddur á Eiðistorgi á dögunum og settist niður með Nesfréttum. Hann segist hafa verið að fjárfesta í húsnæði á torginu að undanförunu og þar á meðal plássinu þar sem Blómastofna hafi verið á árum áður. Hugmyndin að kaffihúsinu hafi kviknað í framhaldi af því. Hann segist hafa verið búinn að hugsa um að það vantaði kaffihús á Nesið og einnig ísbúð og að þetta væri tilvalin staður með góðu útsýni út á sjóinn. „Þetta verður aðeins öðruvísi kaffihús og það fyrsta sinnar tegundar sem mun bjóða laktósfria vörur en það þýðir að mjólkursykurinn er brotinn niður við vinnsluna. Ég er þess full viss að þetta muni styrkja Örnú og Arna dóttir Hálfadáns Óskarssonar í Bolungarvík mun annast rekstur á Eiðistorginu. Margir þola illa eða ekki mjólkursykur og sækjast því eftir mjólkurvörum þar sem hann hefur verið brotinn niður og svo er líka ágætt fyrir fólk af Seltjarnarnesi að geta farið í göngutúr og fengið sér kaffi á frábæru stað og svo er líka stutt fyrir Vesturbæinga að skreppa í kaffi eða ís á Eiðistorgi.“



Jón von Tetzchner.

Er sjálfur Seltirningur

Jón von Tetzchner er sjálfur Seltirningur. Fæddur og uppalinn á Nesinu og bjó þar til tvitugs að hann hélt að loknu stúdentsprófi í MR til náms í tölvunarfræði í Noregi þar sem hann settist síðan að og starfaði að fagi sínu. Hann er einn aðalhöfundurinn að vefskoðaranum Opera sem margir þekkja og hafa notað um lengri eða skemmri tíma. Eftir að hann seldi hlut sinn flutti hann til Bandaríkjanna og hóf að fjárfesta í ýmsum fyrirtækjum einkum þeim sem tengjast fagi hans og störfum. Auk þess hefur hann á undanförunum árum unnið að gerð annars vefskoðara eða vafra sem hann nefndir Vivaldi eftir tónskáldinu fræga enda sjálfur komin af tónlistarfólki þar sem Selma Kaldalóns tónskáld og píanóleikari var amma hans og Sigvaldi Kaldalóns var langafi hans. „Það má því segja að Vivaldivefurinn sé íslenskur og umsvifin í kringum hann hafa

verið og eru að vaxa. Nú starfa um þrjátíu og fimm manns hjá Vivaldi. Rúmlega tíu starfa hér á Eiðistorgi, um tugur í Noregi og síðan er starfsfólk á vegum fyrirtækisins bæði í Evrópu og í Bandaríkjunum.“

Er aðili að sjónvarpsstöðinni Hringbraut

En aftur að Seltjarnarnesi. Jón von Tetzchner er með fleiri járn í eldinum á Eiðistorgi en frumkvöðlasetur og tilvonandi laktósafrítt kaffihús. Hann hefur einnig fest kaup á því húsnæði þar sem Íslandsbanki var með útibú en bankinn er fluttur með útibú sitt út á Granda. Þar er nú fjölmiðlafyrirtækið og sjónvarpsstöðin Hringbraut til húsa. Hann segir þetta fyrrum húsnæði bankans henta vel fyrir starfsemi Hringbrautar. Í kjallara undir jarðhæðinni eru gamlar bankahvelfingar þar sem hann segir að koma megi fyrir upptökustúdíóum í framtíðinni. Jón er aðili að Hringbraut og segist hafa verið búinn

Nú er Innovation House að mestu fullmannað á Eiðistorginu, sjónvarpsstöðin Hringbraut nýtur vaxandi vinsælda og laktósafría kaffihúsið mun bráðlega opna. Jón von Tetzchner hefur fjárfest í meira húsnæði á Eiðistorgi og hyggur á aukna starfsemi.

að hugsa þetta um tíma – að gott gæti verið fyrir stöðina að nýta þá aðstöðu sem er á Eiðistorginu. Jón segir nauðsynlegt að hafa sjónvarpsstöð sem byggir á innlendi dagskrárgerð – á innlendu efni og umræðum um dagleg mál á Íslandi án þess að tengjast stjórnmálaflokkum eða pólitískum fylkingum að neinu leyti. Slíkt hafi vantað og þær sjónvarpsstöðvar sem fyrir voru að ríkissjónvarpinu meðtöldu byggja starfsemi sína að verulegu leyti á aðkeyptu erlendu efni – einkum frá Bandaríkjunum.“

Hugurinn leitar oft heim á Seltjarnarnes

Nú er Innovation House að mestu fullmannað á Eiðistorginu, sjónvarpsstöðin Hringbraut nýtur vaxandi vinsælda og laktósafría kaffihúsið mun bráðlega opna. Jón von Tetzchner hefur fjárfest í meira húsnæði á Eiðistorgi og hyggur á aukna starfsemi. Allt hafi þó sinn tíma. Hann segir að þrátt fyrir langar dvalir erlendis – lengst af í Noregi og nú vestanhafs leiti hugurinn oft heim á Seltjarnarnes. Stundum verði fólk meiri Íslendingar af því að búa erlendis. „Mig var búið að langa til þess að koma heim og gera eitthvað hér á æskuslóðunum,“ segir Jón von Tetzchner að lokum.



Fundahöld og viðtöl eru hluti af starfsumhverfi Jón von Tetzchner.

VEGGFÓÐUR

Duro.
www.duros sweden.se

25%
AFSLÁTTUR

ALLT
HILLUEFNI
20%
AFSLÁTTUR



ALLAR PERUR
25%
AFSLÁTTUR

KOMDU Í
HEIMSÓKN Í NÝJA
OG GLÆSILEGA
VERSLUN OKKAR Á
GRANDANUM.

FRÁBÆR TILBOD
SEM GILDA ADEINS
Í BYKO GRANDA
15.-26.SEPTEMBER.

OPIÐ

VIRKA DAGA 8-19
LAUGARDAGA 10-18
SUNNUDAGA 11-17

BYKO
GRANDI
KOMDU Í HEIMSÓKN!



ÖLL
SMÁRAFTÆKI
20%
AFSLÁTTUR



ÖLL
BÚSÁHÖLD
25%
AFSLÁTTUR



25%
AFSLÁTTUR
ÖLL LJÓS



GRÆNN
BOSCH OG
EINHELL
RAFMAGNS-
HANDVERKFÆRI
20%
AFSLÁTTUR



ÖLL
MÁLNING
25%
AFSLÁTTUR

Metþátttaka í bæjarhátíðinni

Gleðin var við völd

Gleðin var í fyrirrúmi á Seltjarnarnesi í lok ágúst sl. Þegar bæjarhátíð Seltjarnarness fór fram. Þetta var í þriðja sinn sem hún var haldin en hátíðin í ár var sú umfangsmesta og fjölbreytt dagskrá á boðstólum. Það var metþátttaka og veðrið lék við bæjarbúa alla helgina.

Hátíðin hófst með sundlaugarpartí sem fram fór á föstudaginn og hitti hún beint í mark hjá bæjarbúum. Frítt var í laugina allan daginn, boðið var uppá tónlistaratriði þar sem fram komu hljómsveitirnar Stjúpmæður og Globe ásamt Birni Frelli Janutsh Kristinssyni sem þekktari er undir nafninu Bjóssi Sax. Þau glöddu gesti og gangandi með seiðandi og fjörugri sumartónlist. Þá var Olga Dobrorodnya kennari hjá World Class með vatnazúmbla sem vakti mikla lukku hjá sundlaugargestum. Einnig voru vatnaboltar í boði frítt fyrir yngri kynslóðina.

Brekkusöngur í Plútóbrekku

Í fyrsti skipti í sögu Seltjarnarnessbæjar fór fram brekkusöngur í Plútóbrekku á föstudagskvöldinu sem var hátindur bæjarhátíðarinnar. Þar stýrði Ingó (fyrrum Veðurguð) fjöldasöng, Jóhann Helgason söng Seltjarnarneslagið en um hljóðfæraleik sáu Guðjón S. Þorláksson og Friðrik Vignir Stefánsson. Þá tróð hljómsveitin Bandmenn upp við mikinn fögnuð viðstaddra. Stemningin í brekkunni var stórkostleg, en fjölmenni lagði leið sína á brekkusönginn og talið er að hátt í þúsund manns hafi mætt á svæðið. Veislan og samstarfsaðilar buðu uppá íslenska kjótsúpu í brekkunni og Bæjarins beztu buðu upp á pylsur. Framtakinu var afar vel tekið af bæjarbúum og skemmtu ungir sem aldnir sér saman.

Hjólreiðatúr með Bjarna

Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá fór fram á laugardeginum og meðal þess sem var í boðið var hjólreiðatúr með Bjarna Torfa, skemmtiskokk á vegum Trimmklúbbs Seltjarnarness og árgangamót á Vivaldi vellinum á vegum knattspyrnudeildar Íþróttafélagsins Gróttu. Einnig var boðið uppá Frisbígolf á Valhúshæðinni. Það sem bar hæst á þessum degi voru götugrill bæjarins og var stemningin gríðarlega góð. Þátttaka í götugrillum bæjarins fer vaxandi með ári hverju og er sannkölluð fjölskyldustund. Ánægjulegt var að sjá bæjarbúa taka höndum saman og allir tóku þátt, ungir sem aldnir. Sumir tóku hverfalitinn sinn alla leið og mættu í sínum eigin einkennislit frá toppi til tótar og dekkudu borð í sama lit. Hljómsveitin Bandmenn hélt svo uppi fjörinu um kvöldið og lék fyrir dansi á Stuðballinu í Félagsheimili Seltjarnarness.

Nesbali 29 hlaut skreytingarverðlaun

Íbúar Seltjarnarness kepptust við að skreyta húsín í einkennislit sínum en veitt voru verðlaun fyrir frumlegustu húsaskreytinguna í appelsínugulu messunni sem haldin var í Seltjarnarneskirkju á sunnudeginum. Nesbali 29 hlaut titilinn frumlegasta húsaskreytingin í ár og Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri afhenti

þeim Hreini Sigurjónssyni og Hönnu Erlingsdóttur viðurkenningu og verðlaun, brunch fyrir alla fjölskylduna á Laundromat Café sem í miðbæ Reykjavíkur af því tilefni. Lauk bæjarhátíðinni við þessa hátíðlega stund.

Hryggjastykkið í hátíðinni voru bæjarbúarnir sjálfir en án þeirra þátttöku væri hátíðin svipur hjá sjón. Undirbúningurinn og hátíðin tókust mjög vel og við hlökkum til næsta árs.

Myndirnar eru frá bæjarhátíðinni.



Bókasafnið vex og dafnar

Gestaheimsóknum í Bókasafn Seltjarnarness fjölga stöðugt samkvæmt upplýsingum frá starfsmönnum þess. Sumir sækja safnið heim daglega og mæta skömmu eftir opnun þess og aðrir eiga sinn stað í safninu þegar liða tekur á daginn. Fjölskyldufólk venur komur sínar mikið á safnið og ungmenni leita einnig þangað í tíðara mæli en aukin áhersla hefur verið á að þjóna þeim hópi. Viðburðir í safninu eru einnig vel sóttir og er nóg um að vera í upphafi vetrar.

Í byrjun september var opnuð einstaklega skemmtileg sýning sem höfðar til allrar fjölskyldunnar. Þar sýnir Ragnhildur Ágústsdóttir fuglamyndir en í Bókasafninu er á sama tíma lögð áhersla á að sýna fjölmarga dýrgripa sem Náttúrugripasafn Seltjarnarness býr yfir. Sýningin stendur til 30. september. Á eftir Ragnhildi sýnir Messíana Tómasdóttir verk sín í Gallerí Gróttu, en hún er fyrrum bæjarlistamaður Seltjarnarness. Sýning hennar verður opnuð fimmtudaginn 6. október kl. 17.

Langömmubarn Guðrúnar frá Lundi

Bókmenntakvöldin hefja göngu sína í safninu þriðjudaginn 4. október kl. 19.30 en þá kemur Marín G. Hrafnisdóttir bókmenntafræðingur og langömmubarn Guðrúnar frá Lundi og segir frá lífi hennar og starfi ásamt því að fjalla um verk hennar. Á bókmenntakvöldinu 1. nóvember verður svo sjónum beint að bókinni Dimmu eftir Ragnar Jónasson.

Tónlist í bókasafninu

Saxófónleikarinn og Seltirningurinn Björgvin R. Hjálmarsson er löngu orðinn kunnur innan tónlistargeirans fyrir einstaka spilamennsku. Hann stígur á stökk í Bókasafninu fimmtudaginn 13. október kl. 17:30 ásamt Rögnvaldi Borgþórssyni gítarleikara í tónleikaröðinni Tónstafir, sem Bókasafnið vinnur í samvinnu við Tónlistarskóla Seltjarnarness.

Starfsfólk Bókasafnsins kann vel að meta heimsóknir yngstu gestanna og býður þeim reglulega í Sögustund. Fyrsta sögustundin vetrarins verður haldin miðvikudaginn 5. október kl. 17:30 þar sem lesin verður sagan Gerðu eins og ég eftir Evu Þengilsdóttur og Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur. Í sögustundinni 2. nóvember verður svo boðið upp



Messíana Tómasdóttir.



Marín G. Hrafnisdóttir.



Björgvin R. Hjálmarsson.

á lestur á hinu sígilda meistara-verki Palli var einn í heiminum eftir Jens Sigsgaard.

Hannyrðahópur og fleiri

Starfsmenn Bókasafnsins eru opið fyrir nýjungum en nýlega gekk það til samstarfs við hannyrðahóp af Seltjarnarnesi sem gengur undir heitinu SelGARNanes. Hópurinn hefur aðstöðu í Bókasafninu og hittist þar næst þriðjudaginn 11. október kl. 20. Þangað eru allir velkomnir sem vilja vinna að hannyrðum í góðra vina hópi.

Auglýsing um skipulagsmál á Seltjarnarnesi

Valhúsaheð og grannsvæði

Bæjarstjórn Seltjarnarness auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi Valhúsaheðar og grannsvæða, skv. 41. gr. skipulagssлага nr. 123/2010.

Hér er um að ræða nýtt deiliskipulag. Deiliskipulagssvæðið nær yfir Valhúsaheð, Plútóbrekku, Bakka-garð, svæða norðan Norðurstrandar frá Austurströnd að Lindarbraut, svæða sunnan Suðurstrandar frá Steinavör að Lindarbraut auk Kirkjubrautar og Skólabrautar.

Suðurmýri 10

Bæjarstjórn Seltjarnarness auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kolbeinsstaðamýris vegna Suðurmýris 10, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagssлага nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér að byggja megi allt að 4 íbúðir. 4 bílastæði verði á lóð, byggingarreit er breytt og nýtingarhlutfall hækkað.

Tillögurnar liggja frammi á 1. og 2. hæð skrifstofu Seltjarnarnesbæjar að Austurströnd 2, virka daga frá kl. 8:00 til 14:00, frá 5. september til og með 14. október 2016. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðunni www.seltjarnarnes.is undir liðnum skipulagsmál.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til þjónustuværs Seltjarnarness, b.t. byggingarfulltrúa, eða á netfangið postur@seltjarnarnes.is eigi síðar en 14. október 2016. Vinsamlegast gefið upp netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Seltjarnarnesi, 1. september 2016.

Byggingarfulltrúinn á Seltjarnarnesi.



seltjarnarnes.is

SELTJARNARNESBÆR

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími 511 1188

Viðtal við Lovísu Thompson

Lovísa Thompson er einn öflugasti íþróttamaður á Seltjarnarnesi. Hún var kjörin íþróttamaður æskunnar hjá Gróttu fyrr á þessu ári. Lovísa er aðeins 16 ára gömul - að verða 17 og hefur stundað handboltann hjá Gróttu frá níu ára aldri. Í dag æfir hún og leikur með meistaraflokki kvenna en spilar einnig með 3. flokki. Í umsögn um hana í tilefni af útnefningu hennar sem íþróttamanns æskunnar segir meðal annars að hún hafi tekið gríðarlegum framförum á liðnu ári og sé orðin ein af lykilleikmönnum í meistaraliði Gróttu. Hún er talin einn efnilegasti handboltamaður landsins og hefur verið valin í U18 ára og U20 ára landsliðið þrátt fyrir að vera undir þeim aldursmörkum. Lovísa hefur tvisvar orðið Íslandsmeistari með Gróttu og valin í A-landslið kvenna í handbolta. Nesfréttir spjölluðu við hana á dögumunum.

„Ég var á sjötta árinu þegar ég flutti á Seltjarnarnes og byrjaði þá um haustið í fyrsta bekk í Mýrarhúsaskóla. Ég hef búið á Nesinu með móður minni og fósturföður en faðir minn býr nú í Eistlandi þar sem hann starfar en ég hef alltaf verið í sambandi við hann. Ég á eina alsystur og tvær fóstursystur sem eru nokkru eldri en ég. Önnur þeirra á nú von á barni og við biðum spennit eftir því. Það eru allir spennitir fyrir að fá lítið kríli. Ég fór þessa hefðbundnu leið. Úr Mýró og upp í Való og síðan í Versló þar sem ég stunda nú nám. Við áttum heima í Finnlandi í níu mánuði þegar ég var fjögurra til fimm ára en svo skildu leiðir foreldra minna. Ég man ekki mikið eftir þeim tíma en þó að við áttum hús með arineldi og gufubaði eða sauna eins og Finnarnir kalla það. Nei – ég lærði ekkert í finnsku því

Seltjarnarnes er minn uppáhaldsstaður



Lovísa Thompson.

ég var í enskum leikskóla og hef ekki komið þangað síðan.“

Krakkarnir kynnst nokkuð vel

Lovísa finnst svolítið sérstakt að vera ekki í skóla á Seltjarnarnesi. „Það eru fáir krakkar í hverjum árgangi á Nesinu sem þýðir að flest þeirra kynnst nokkuð vel. Við þekkjum hvort annað með nöfnum þótt samskiptin fari eitthvað

eftir áhugamálum hjá hverjum og einum. Svo breytist þetta og hópurinn dreifist meira þegar kemur að framhaldsskólanum.“ Lovísa segir flesta krakka af Nesinu annað hvort fara í MR eða í Versló. Eftir að erfiðara hafi orðið að komast í þá skóla fari sumir í Kvennó og aðrir í MS. Engu að síður sé vinahópurinn af Nesinu nokkuð samheldinn þótt hann skiptist á milli skóla.

Prófaði þetta allt

Íþróttirnar tengja marga krakka af Seltjarnarnesi og íþróttahúsið hefur verið eins og annað heimili Lovísu um lengri tíð. Hún kveðst ekki muna nákvæmlega eftir því þegar hún kom fyrst í Gróttu en alla vega ekki löngu eftir að fjölskyldan flutti á Nesið. „Ég byrjaði aðeins í fimleikum og var líka í fótbolta, handbolta og dálítið í sundi. Ég prufaði þetta allt saman en mér líkaði alltaf best við handboltann og svo fór að ég lenti það. Ég er að vísu ekki mjög hávaxin en þetta hefur alveg sloppið þótt gott sé að vera í herra lægi í skyttunni. Sprengikrafturinn skiptir líka miklu og maður verður bara að nýta það sem maður hefur.“

Dagurinn alveg fullskipaður

Lovísa er búin að vera sjö ár í handboltanum eða frá því hún var á tíunda aldursári og hyggst halda áfram af fullum krafti. „Ég var mjög snemma viðloðandi íþróttahúsið – hreinlega hékk þar öllum stundum svo það var snemma ljóst að hverju myndi stefna. Áhuginn var þar og þar vildi ég helst vera.“ En hvernig er dagurinn hjá Lovísu. Í fullu námi í framhaldsskóla og í nær stanslausum æfingum fyrir handboltann. Hún þarf ekki að hugsa sig um. „Hann er alveg fullskipaður. Frá morgni til kvölds. Ég fer í skólann á morgnana og er að jafnaði fram til kl. þrjú. Þá fer ég yfirleitt heim til að lita yfir

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



skólaverkefni og læra fyrir næsta dag og svo taka æfingarnar við. Nei – það er ekki mikill tími fyrir hefðbundið félagslíf en bestu vinkonur mínar eru með mér í handboltanum. Ég reyni eftir getu að hitta bestu vini mína af Nesinu um helgar. Þegar maður er kominn á annað árið í Menntó er orðið meira partýstand á krökkum en ég get ekki verið mikið á djammnu og kem eiginlega ekki nálægt því. Ég er líka mikið á móti áfengi og markmið hjá mér að snerta það ekki. Ég reyni því halda mér sem lengst frá þessu.“

Eins og vera kastað í djúpu lauginu

Lovísa segir að uppeldið í Való eigi sinn þátt í þessu. „Þar var hlúð mjög vel að okkur krökkunum og það er ekki mikið um áfengis- eða aðra vímuefnaneyslu á Seltjarnarnesi. Maður var eins og vafinn inn í bómull.“ Svo breytist það við framhaldsskólann. „Já, það breytist og það er eins og manni sé kastað út í djúpu lauginu. Maður þarf að gæta sín sjálfur. Mig langar að geta verið barn eins lengi og hægt er. Þurfa ekki að fullorðnast



Lovísa Thompson í leik með Gróttu gegn Stjörnunni í vor þegar Gróttu vann sinn annan Íslandsmeistaratitil, þar sem Lovísa hefur verið lykilmáður í liði Gróttu.

alveg strax.“ Spurð um kærasta er Lovísa fljót til svars. „Nei – ég á ekki kærasta og þótt maður viti aldrei hvenær slíkt gerist þá held ég að það verði að bíða eitthvað. Ég er í miklu prógrammi í handboltanum og stefni á að komast lengra. Það gengur fyrir öllu þannig að það er engin tími fyrir strákastand – en ef það gerist, þá gerist það.“

Markmiðið er atvinnumennska

Markmið Lovísu er að verða atvinnumanneskja í handboltanum. „Já – ég hef mikinn áhuga á að komast til Norðurlandanna eða Evrópu. Ég verð að klára Versló en gæti hugsanlega farið að spá í framhaldið með einhverju

háskólanámi. Atvinnumennskan er draumur sem mig langar að gera að veruleika. Það eru nokkrar stelpur að spila erlendis og mig langar að gera þetta þótt það yrði ekki nema eitt eða tvö ár. Þessi tími kemur ekki aftur. Svo tekur framhaldsnám við og vonandi heimilisstofnun og barneignir síðar.

Seltjarnarnes er uppáhaldsstaður

Seltjarnarnes er uppáhaldsstaður Lovísu Thompson og þar vill hún helst vera. „Nei – ég hef engan áhuga á að flytja burt nema þá til tímabundinnar handboltaíðkunar og ef til vill náms erlendis. Ég segi stundum við mömmu að þegar ég verði á Íslandi þá vilji ég vera á Seltjarnarnesi. Hér er allt á sama stað og maður er þrjár til fjórar mínútur að hjóla á milli. Ég elska hjólið mitt og hjóla á hverjum degi. Já – ég hef prufað að hjóla upp í Versló. Er svona 20 mínútur á leiðinni en ég hjóla ekki þangað á hverjum degi. Námsbækurnar eru þykkar og maður er með þunga skólatösku. Getur verið vont fyrir bakið.“ Ég vil heldur eyða orkunni í æfingar.“



Súperskálar & samfestingar!

Væntanleg í lok sept.



SLÖKUN Í ÞYNGDARLEYSI!

Gefum eftir og nærum andann.

Flothetta & fótaflot:
16.500 kr.

SKÁLAR & SÚRDEIGSSAMLOKUR

Súrdeigssamlökur, skálar, súpur, þeytingar, kaffi, INDÍGÓ, grautar, túrmeriklatte o.fl.

Allt úr besta hráefninu.

MÖNTRU ARMBÖND – sem stöðva tímann!

Silfrúð, gyllt, rósagull.

Verð: 6.500/7.500 kr.



SÚPER-SAMFESTINGURINN 2 ómótæðilegar útgáfur!

Í svörtu og plómulit.
Síðklofa og ekki.
Fyrir jóga & lífið.
Sterk, lífræn og falleg
“Fair Trade” bómull.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Ný heimasíða: www.systrasamlagid.is
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:
Mjúkir mánudagar: 10 - 18.
Þri. - fös.: 9 - 18.
Laugardagar: 10 - 16.

Nema fuglinn fljúgandi

Ungur listamaður, Ragnhildur Þóra Ágústsdóttir, er fyrst til að sýna verk sín í Gallerí Gróttu á nýju sýningartímabili salarins, sem hófst 8. september. Viðfangsefni Ragnhildar á sýningunni eru náttúrumyndir þar sem íslenskir fuglar eru í lykilhlutverki. Fuglar skipa ríkan sess í þjóðsögum og hjátrú Íslendinga en á sýningunni eru þessar tengingar raktar í litlu riti sem tekið hefur verið saman.

Í tengslum við sýningu Ragnhildar hafa margir af dýrgripum Náttúrugripasafns Seltjarnarness verið dregnir fram í dagsljósið og stillt upp víða um Bókasafnið, m.a. sem stendur við sýningarsalinn. Má þar nefna um sextíu fuglsegg, glæsilegan örn, himbrima, álf, uglur og fleiri dýr

sem eiga sín heimkynni á Íslandi.

Ragnhildur vinnur verk sín með vatnslitum, gouache og kaffi á pappír, en verkin á sýningunni eru flest gerð á síðastliðnum þremur árum. Ragnhildur á að baki nokkrar einka- og samsýningar þar sem hún sýndi náttúrumyndir sem að stórum hluta voru unnar með olíulitum. Talið er að vatnslitir séu ein elsta listgrein mannsins að steinhögginu undanskildu. Það sem einkennir þá er hin mjúka, viðkvæma og gagnsæja áferð. Náttúrumyndir Ragnhildar á sýningunni varpa ljósi á ótal blæbrigði vatnslitanna og miðillinn nýtur sín sérlega vel í fjölbreytilegri lita- og mynstursamsetningu fuglanna.

Sýningin stendur til 30. september.


Gallerí Gróttu er opið mánudaga - fimmtudaga kl. 10-19 og föstudaga kl. 10-17.

Myndirnar eru frá uppsetningu og opnun sýningarinnar.



Þú færð pokana undir plastumbúðir í ípróttamiðstöðinni

– vertu með í að auka endurvinnslu



Upplýsingar um tilraunaverkefni SORPU og Seltjarnarness eru á vefnum sorpa.is

SORPA

TRÚ OG FJÖLL

- LISTAHÁTÍÐ

SELTJARNARNESKIRKJU 2016

HEFST Á SUNNUDAG

„Trú og fjöll. Ég hef augu mín til fjallanna (Sálmur 121)“ er yfirskrift listahátíðar Seltjarnarneskirkju í ár. Hátíðin verður sett í kirkjunni á sunnudag 25. sept. kl. 16 þar sem Gunnlaugur A. Jónsson prófessor, formaður listahátíðarnefndar, flytur erindi um „Fjöll í Biblíu og listum“, Rakel Pétursdóttir, deildarstjóri við Listasafn Íslands flytur erindið „Horft til fjalla – Helgistaður málara.“ Þá syngur Elmar Gilbertsson tenór fjögur íslenskt lög um fjöll við undirleik Friðriks Vignis Stefánssonar organista kirkjunnar. Jafnframt verður opnuð umfangsmikil málverkasýning af fjöllum, og eru málverkin meira en 30 talsins, mörg þeirra eftir ýmsa kunnustu listamenn þjóðarinnar.




Fjallamyndirnar á hátíðinni eru margar eftir ýmsa af þekktustu listmálurum þjóðarinnar. Hér er myndin „Horft til Bessastaða“ eftir Jóhannes S. Kjarval frá árinu 1955, en Keilir sést vel á myndinni, annað þeirra fjalla sem arkitektar kirkjunnar tók mið af við hönnun hennar. Hitt fjallið var Snæfellsjökull og er einnig nokkur málverk af jöklinum á sýningunni.

Síðan rekur hver viðburðurinn annan í hálfan mánuð. 29. sept. kl. 16.30 verður minningardagskrá um Hallgrím Magnússon lækni (1949-2015) undir yfirskriftinni „Trú og heilsa.“ 2. okt. kl. 10 segir Grétar Guðni Guðmundsson í máli og myndum frá ferð er hann fór á Kilinmanjaro árið 2007. Sama dag kl. 16 verður hátíðarsamkoma á ný og flytur dr. Rúnar M. Þorsteinsson, guðfræðiprófessor, þar erindi um Fjallræðuna. Fimm Seltirningar lesa ljóð og frásagnir um fjöll og Seltirningurinn Friðrik Margrétar- og Guðmundarson leikur á píanó. 5. okt. kl. 20 verður Kammerkór kirkjunnar undir stjórn Friðriks Vignis með metnaðarfulla tónleika þar sem bæði verða flutt forn og ný íslensk sálmalög sem og mótettur og kórtónlist frá ýmsum tímabilum og löndum. 9. okt. kl. 10 verður á ný fræðsluerindi þar sem þeir Íslendingar sem fyrstir gengu á Everest, þeir Björn Ólafsson, Einar K. Stefánsson og Hallgrímur Magnússon, segja frá þeirri reynslu sinni. Sama daga lýkur dagskránni með hátíðarsamveru kl. 16. Þar flytur Agnes Sigurðardóttir biskup erindi er hún nefnir „Trú í návist vestfirska fjalla“. Áður verður Lúðrablastur nemenda úr Tónlistarskóla Seltjarnarness og loks leiða félagar úr Kammer- kór kirkjunnar og Friðrik Vignir kórstjóri almennan söng íslenskra fjallalaga. – Boðið verður upp á veitingar í safnaðarheimilinu. Allir viðburðirnir eru ókeypis. – Málverkasýningin mun hins vegar standa áfram út október og verður opin alla daga frá kl. 14-17.

SNYRTUM GRÓÐUR VIÐ LÓÐAMÖRK

Fjölbreyttur garðagróður fegrar umhverfi Seltjarnarness og veitir íbúum skjól í görðum sínu. Þar sem gróðurinn vex með með hverju árinu er nauðsynlegt að huga vel að því að hann vaxi ekki út fyrir lóðamörk eða slúti þannig yfir að hætta sé af.



Gróður getur slegist í gangandi og hjólandi vegfarendur með tilheyrandi hættu á slysum. Einnig geta greinar skyggt á umhverðarmerki, götumerkingar eða götulýsingu.

Snyrta þarf gróðurinn og klippa þannig að umferð gangi greiðlega best er að gera það þegar tré og runnar eru ekki laufguð og greinabygging því vel sýnileg.

Stöndum saman um að minnka hættur í umhverfi okkar.



Munið Minningarkort Kvenfélagsins Seltjarnar
Til styrktar kirkjujói Seltjarnarneskirkju
Þau fást á Þegarsskrifstofu Seltjarnarness
Austurströnd 2 - Sími: 595-9100

Hlín Reykdal

VERIÐ VELKOMIN Í SKARTGRIPA- OG GJAFAVÖRUVERSLUN HLÍNAR REYKDAL
ÚTI Á GRANDA - FISKISLÓÐ 75
OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 11 -18 LAUGARDAGA KL.11-16

Soroptimistaklúbbur Seltjarnarness

Glæsilegt styrktargolfmót

Styrktargolfmót Soroptimistasystra á Seltjarnarnesi fór fram á Nesvellinum á dögnum hjá Nesklúbbnum á Seltjarnarnesi. Tæplega 100 konur skemmtu sér á golfvöllinum og var leikgleðin í fyrirrúmi. Þetta er ein aðalfjáröflunarleið Soroptimistasystra ásamt happdrætti á skemmtikvöldi í nóvember með þeim vinningum sem ekki ganga út í golfmótinu en Soroptimistasystur hafa notið góðvildar fjölmargra fyrirtækja sem styrkja klúbbinn í góðgerðastarfinu.

Mótið fór fram í blíðskaparveðri, eins og verið hefur í sumar þar sem konur spiluðu golf með bros á vör. Mótið var fullbókað og vel það þar sem bæta þurfti við hollum til að koma öllum að enda ávallt biðlisti eftir að komast að. Þetta var í fimmta skiptið sem Soroptimistasystur halda styrktargolfmót hér á Nesinu. Hefð er fyrir því að bjóða keppendum upp á hressingu þar sem 5. og 9. teigur á Nesinu mætast í gómsætt heimabakað góðgæti, drykki og skálað er í freyðivíni sem ávallt vekur jafn mikla lukku.

Ingunn með lengsta upphafshögg

Allir kylfingar luku leik á sama tíma svo það myndast góð og skemmtileg stemning að móti loknu þegar allar koma inn eftir spilið, hressar og glaðar eftir góða útiveru. Boðið var uppá Prosecco í fordrykk í boði Vífilfells við golfskálann. Að því loknu var haldið inn í skálann og kvöldverður snæddur meðan á verðlaunaafhendingu stóð. Úrslit mótsins voru eftirfarandi:

Punktakeppni án forgjafar:

6. sæti Aðalheiður Anna Guðmundsdóttir
5. sæti Björg Þórarinsdóttir
4. sæti Erla Pétursdóttir
3. sæti Ingibjörg Ketilsdóttir
2. sæti Áslaug Einarsdóttir
1. sæti Ingunn Gunnarsdóttir

Punktakeppni með forgjöf:

6. sæti Unnur Bergþórsdóttir
5. sæti Bergþóra María Bergþórsdóttir
4. sæti Guðrún Garðarsdóttir
3. sæti Hildur Björg Halldórsdóttir
2. sæti Helga Hilmarsdóttir
1. sæti Fríða B. Andersen

Næstar holu:

2. braut Erla Friðriksdóttir
8. braut í 2. höggi Ingunn Gunnarsdóttir sem einnig átti lengsta upphafshöggið

Engin farið heim án verðlauna

Hingað til hefur engin kona farið heim án verðlauna á mótinu sem skemmir ekki stemninguna en dregið var úr öllum skorkortum þátttakenda að verðlaunaafhendingu lokinni. Afraksturinn af golfmótinu Soroptimistasystra er notaður að þessu sinni til að styrkja verkefni sem nefnist Gæfuspor sem er sniðið að því að koma konum sem hafa verið fórnarlömb ofbeldis aftur af stað út í lífið og fellur þetta verkefni sérlega vel að markmiðum Soroptimista. Klúbburinn hefur styrkt þetta verkefni síðastliðin tvö ár.

**Viðtalstími við bæjarfulltrúa**

Bæjarfulltrúar Seltjarnarnesbæjar bjóða íbúum upp á viðtalstíma á Bókasafni Seltjarnarness frá kl. 17 - 19 á eftirtöldum dögum:

Þriðjudaginn 25. október kl. 17-19

Árni Einarsson



Sigrún Edda Jónsdóttir

Þriðjudaginn 22. nóvember kl. 17-19

Bjarni Torfi Álfþórsson



Margrét Lind Ólafsdóttir

Fimmtudaginn 6. desember kl. 17-19

Guðmundur Ari Sigurjónsson



Magnús Örn Guðmundsson



Ásgerður Halldórsdóttir bæjarfulltrúi og bæjarstjóri er með viðtalstíma alla daga eftir samkomulagi. Hægt er að bóka tíma með henni hjá þjónustuveri Seltjarnarnesbæjar í síma 5959-100.



SELTJARNARNESBÆR

Jákvæð samskipti á Seltjarnarnesi

Síðastliðinn vetur hefur foreldrafélag Grunnskóla Seltjarnarness staðið fyrir verkefni um jákvæð samskipti. Stofnaður var stýrihópur um verkefnið en í honum sitja auk fulltrúa úr foreldrafélaginu, fræðslufulltrúi, fulltrúar skólans, Skjólaskjól, Selsins og Gróttu. Lokapunktur síðasta vetrar var þing foreldra og barna um jákvæð samskipti sem haldið var laugardaginn 21. maí í Valhúsaskóla undir öruggri stjórn Páls Ólafssonar, félagsráðgjafa.

Svana M. Davíðsdóttir, formaður foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness, segir megintilgang þingsins síðasta vor hafi verið að koma saman og ræða spurningar eins og hvernig viljum við koma fram hvert við annað; hvað er mikilvægt í samskiptum og hvað er ekki í boði? Einnig veltum við því fyrir okkur hvernig við orðum hlutina og hvernig það hljómar sem við segjum; hvenær líður okkur vel og hvernig hegðum við okkur? Þá skoðuðum við hlutverk barna og foreldra annars vegar og hlutverk barna og starfsfólks hins vegar og hvort það ættu að vera til reglur um samskipti okkar og hvernig þær myndu hljóma. Unnið var með tvö þemu, þ.e. annars vegar fjölskylduna og hins vegar samfélagið út frá skólanum, íþróttahúsinu, Skjólínu, Frístund, Selinu, strætó, sundlauginni, búðinni o.fl. Einnig var velt upp leiðum til breytinga. Hvernig getum við verið fyrirmynd annarra? Hvernig fáum við fullorðna og börn til að vinna saman? Hvað geta fullorðnir gert til að vera fyrirmyndir? Hvað geta börn gert til að vera fyrirmyndir? Það var mjög gaman að sjá að þótt þáttakendum væri skipt í mismunandi hópa var mikill samhljómur meðal þeirra um þau atriði sem menn töldu skipta mestu máli. Mikilvægi þess að hrósa hvert öðru var til dæmis ofarlega á baugi. Passa sig á að baktala ekki aðra var annað atriði sem líka var rætt. Leyfum öðrum að vera eins og þeir eru. Svona mætti lengi telja.

Þann 4. október næstkomandi verður haldið áfram þar sem frá var horfið. Þá verður Páll Ólafsson, félagsráðgjafi, með fræðslufund fyrir foreldra og aðstandendur grunnskólabarna á Seltjarnarnesi í hátíðarsal Gróttu. Á fundinum verður m.a. farið yfir hagnýt ráð fyrir foreldra og aðra uppáendur til að eiga jákvæð samskipti við börnin sín. Páll mun m.a. fara yfir það hvernig eigi að tala við börn og hlusta á þau. Hvernig við getum forðast að festast í „tuðinu“ og almennt um það hvernig við

getum átt í góðum samskiptum. Þetta verður sannarlega liflegur og skemmtilegur fundur sem ekkert foreldri má láta framhjá sér fara og er mikilvægur liður í verkefninu. Rétt er að taka fram að Páll er fimm barna faðir og veit því sitt lítið af hverju um barnauppleði.

„Í samráði við og undir handleiðslu Páls Ólafssonar, félagsráðgjafa, höfum við á haustmánuðum haldið fundi með starfsfólki grunnskólans, Íþróttahússins og þjálfurum í Gróttu

þar sem jákvæð samskipti eru höfð að leiðarljósi. Á fundinum með foreldrum þann 4. október næstkomandi mun Páll ræða jákvæð samskipti útrá samskiptum foreldra og barna og fara yfir þau atriði sem komu fram á þinginu í vor. Síðastliðinn vetur var unnið með jákvæð samskipti með nemendum í skólanum og þeirri vinnu verður haldið áfram nú í vetur. Markmiðið er að vekja okkur til umhugsunar um jákvæð samskipti og mikilvægi þeirra og því gríðarlega mikilvægt

að allir hópar séu meðvitaðir og samstíga. Nú þegar búið er að fara yfir þessi hagnýtu atriði með nemendum, starfsfólki skólans og þjálfurum er komið að okkur foreldrunum. Foreldrar eru líklega hve stærsti áhrifavaldurinn þegar kemur að jákvæðum samskiptum við börnin og því mjög mikilvægt að sem flestir foreldrar mæti á fræðslufundinn. Þetta er verkefni sem við verðum öll að vinna í sameiningu.“ segir Svana að lokum.

JL-húsinu - Hringbraut 119 • Sími: 571 3888 • www.xofood.is



FUN • FAST • FUSION

100% HOLLUSTA, 100% NÆRING 😊

ÞAÐ ERU ALLIR AÐ TALA UM XO!

Enginn hvítur sykur, ekkert hvítt hveiti

XO – LÍKLEGA BESTI HOLLI SKYNDIBITINN Á ÍSLANDI



FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Eftir gott sumar og skemmtilega dagskrá með hressum ungmennum þá tekur vetrarstarfið við. Það er orðinn árviss viðburður að bjóða til vöfluveislu í aðdraganda vetrarstarfsins til að kynna dagskrána framundan. Vöflukaffið var í Félagsheimilinu þann 25. ágúst sl. og mættu um 130 manns í samsætið.

Farið var vítt og breytt yfir dagskrána fram til áramóta. Góðir gestir mættu sem kynntu og sögðu frá því sem er í boði bæði innan og utan hefðbundinnar dagskrár eins og t.d. söngur og dans, starfið með kirkjunni, Selinu, Þjóðleikhúsinu ofl. Formaður félags eldri borgara á Seltjarnarnesi kom og sagði frá stofnun og tilurð félagsins.

Einnig var farið yfir óvissuferðir, leikhúsfærðir og aðra viðburði. Skráningarblöð lágu frammi og margir þegar skráðir.

Enn eru einhver sæti laus á námskeiðin í **leir, gleri og bókbandi** og eru þeir sem áhuga hafa á **bókbandsnámskeiðinu** hvattir til að láta heyrna í sér sem fyrst. Einnig er vert að minna á **timburmennina** sem koma saman í Valhúsaskóla alla miðvikudaga kl. 13.00. (skráning óþörf).

World Class býður upp á sérstaka tíma og afslátt fyrir eldri borgara og skráning er hafin á **Jólahlaðborðið** sem verður á Hótel Örk, miðvikudaginn 7. desember.

Það sem helst bera að geta varðandi dagskrána í september og fram í október:

Fimmtudaginn 15. september verður „óvissuferðin“ í Flóann

Fimmtudaginn 22. september félagsvist í salnum Skólabraut.

Sunnudaginn 25. september ætlum við í Borgarleikhúsið í annað skiptið til að sjá Mamma Mia. **Fimmtudaginn 29. september** verður haustfagnaður í salnum á Skólabraut, en þá mætir Grillvagninn, við borðum saman og eigum skemmtilega kvöldstund. Skráning og allar upplýsingar varðandi dagskrána almennt eru hjá Kristínu í síma 8939800.

Fimmtudaginn 6. október, félagsvist í salnum kl. 13.30.

Fimmtudaginn 13. október, bingó í salnum Skólabraut kl. 13.30.

Fimmtudagurinn 27. október kl. 14.00. Bingó í Golfskálanum.

Ath. að öllum líkindum verður breyting á dagsetningu vegna sameiginlegrar ferðar með kirkjunni sem auglýst hefur verið þriðjudaginn 4. okt. Verður auglýst nánar mjög fljótlega.

Vert er að geta þess að á mánudögum og miðvikudögum er handavinna og svokallaður opinn salur á Skólabrautinni. Þá er í gangi handavinna með leiðbeinanda og ýmislegt annað er til afþreyingar á staðnum svo sem stafaspil, taff, púsluspil og litir. Fólk er hvatt til að kíkja við, engin skráning.

Minni einnig á föstu liðina eins og **kaffisþjallið í króknum** alla daga, **félagsvist** og **bingó**, **billjardinn** og karlakaffið í kirkjunni, **timburmenn**, **botsia**, **vatsleikfimina** og **jóga** og ekki síst **söngstundina** á föstudögum svo eitthvað sér nefnt

Félagsstarfið er opið fyrir alla og allir velkomnir.

UMHVERFISHORNID

Fugl mánaðarins – Grágæs



Grágæsa hjón á beit að vorlagi við Bakkatjörn, kvenfuglinn til vinstri.

Grágæs er tíður varpfugl á Seltjarnarnesi og fer henni sennilega fjölgandi, eins og víðast hvar á Innnesjum (höfuðborgarsvæðinu). Hún verpur allvíða í óræktarlandi og velur hreiðrúna stað í sinubúfum eða runnum, m.a. í Dal í Suðurnesi, Gróttu og friðlandinu við Bakkatjörn. Sennilega eru varppörin nú milli 20 og 30. Sést á veturna við Bakkatjörn og víðar, þegar tjörnir eru auð eða jarðbönn hamla ekki beit, en grágæsin er einber grasbitur.

Jóhann Óli Hilmarsson, www.johannoli.com

Aðgerðaáætlun um notkun varnarefna komin út

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur gefið út aðgerðaáætlun um notkun varnarefna til ársins 2031. Áætluninni er ætlað að ýta undir þróun nýrra varna í plöntuvernd og innleiða aðferðir sem ekki byggja á notkun efna, í því skyni að draga úr notkun þeirra við matvælaframleiðslu.

Áætlunin nær til plöntuverndarvara en í henni koma fram mælanleg markmið, upplýsingar um notkun varnarefna og tímaáætlun, aðgerðir og stefnumörkun. Markmiðið er að draga markvisst úr notkun varnarefna og stuðla að sjálfbærri notkun þeirra í því skyni að draga úr áhættu fyrir heilsu og umhverfið.

Aðgerðaáætlunin var unnin af Umhverfisstofnun eftir samráð við helstu stofnanir og hagsmunaaðila. Hún er sett í samræmi við efnalög frá árinu 2013 og skal endurskoðuð á fimm ára fresti.

Aðgerðaáætlun um notkun varnarefna 2016-2031

Margrét Pálsdóttir, formaður umhverfisnefndar.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekklu 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996



Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn




ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

**Foreldrar
verum samtaka**



Útivistarreglurnar

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22


13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþróttá- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



Samstarfshópur
um forvarnir

SAMAN



Ríkislögreglustjórnin



Meistaraflokkur í góðri stöðu

Meistaraflokkur karla í Gróttu í knattspyrnu á í harðri baráttu um að komast upp í 1. deild. Gróttuliðið hefur leikið 21 leiki í sumar og er með 43 stig, tveimur meira en Afturelding, þegar einum leik er ólokið.

Sunnudaginn 11. september gerðu strákarnir góða ferð til Njarðvíkur þar sem 2-1 sigur vannst á lokamínúttunum. Njarðvíkingar tóku forystuna í fyrri hálfleik en á 56. mínútu jafnaði Enok Eiðsson metin fyrir Gróttumenn. Það var svo í uppbótatíma sem Ásgrímur Gunnarsson skoraði sigurmarkið eftir fyrirgjöf frá Pétri Theodór Árnasyni. Gróttu vann síðan Vestra 4-0 í næst síðustu umferðinni og er í góðri stöðu fyrir lokaleik tímabilsins gegn Hetti sem verður á Egilsstöðum þann 24. september og með sigri í þeim leik tryggir liðið sér sæti í fyrstu deild.

Gróttukrakkar á Laugarvatni

Í júní ár hvert senda knattspyrnufélög á Íslandi einn fulltrúa á eldra ári í 4. flokki í knattspyrnskóla KSÍ á Laugarvatni. Þar er æft í tæpa viku undir stjórn landsliðsþjálfara og er tíminn á Laugarvatni yfirleitt mikil upplifun fyrir þá sem eru valdir.



Sindri Freyr Jóhannsson og Anja Ísis Brown voru fulltrúar Gróttu í skólanum þetta árið en Kristín Erla Johnson, liðsfélagi Önuju úr 4. flokki Gróttu/KR var einnig valin. Í ágúst fóru svo fram hin svokölluðu úrtökumót KSÍ á Laugarvatni en þau eru fyrir leikmenn á yngra ári í 3. flokki. Daði Már P. Jóhannsson var valin frá Gróttu en hann hefur spilað með bæði 2. og 3. flokki í sumar. Fjórar stelpur úr 3. flokki Gróttu/KR voru valdar á úrtökumótið, þær Hekla Kristín Birgisdóttir, Hildur Björg Kristjánsdóttir, Helga Rakefjalarsdóttir og Valgerður Helga Ísaksdóttir. Allir fulltrúar Gróttu og Gróttu/KR stóðu sig með þryði á Laugarvatni og komu reynslunni ríkari heim.

Knattspyrnudeild kynnir Gróttuleiðina

Í byrjun júní gaf knattspyrnudeild Gróttu út glæsilega handbók, Gróttuleiðina, sem tekur á starfi deildarinnar frá ýmsum hliðum. Í Gróttuleiðinni er meðal annars farið yfir markmið og gildi deildarinnar sem og hugmyndafræði og skipulag. Ennfremur er í Gróttuleiðinni að finna ítarlega námsskrá allra yngri flokka þar sem áhersla er lögð á veita öllum Gróttustelpum- og strákum metnaðarfulla og vel skipulagða þjálfun frá fyrstu æfingu.

Magnús Örn Helgason yfirþjálfari yngri flokka kynnti handbókina þann 7. júní í hátíðarsal Gróttu og var góður rómur gerður að kynningunni hjá viðstöddum. Magnús og þjálfarinn Bjarki Már Ólafsson unnu Gróttuleiðina í samvinnu við stjórn knattspyrnudeildar og annað



Gróttufólk í tæpt ár og sögðust þeir félagar spennit fyrir því að innleiða hugmyndafræði og áherslur á komandi keppnistímabili.

Frábært Króksmót hjá 7. flokki



Fyrstu helgina í ágúst héldu strákarnir í 7. flokki til Sauðárkróks á Króksmótið. Gist er í tvær nætur og spilað yfir heila helgi en þetta var fyrsta "stórmótið" hjá stórum hluta drengjanna.

Óhætt er að segja að mótið hafi verið frábært í alla staði. Veðrið lék við strákana og aðra mótsgesti

og sýndu öll fimm Gróttuliðin glimrandi góðan fótbolta alla helgina. Gróttu2 gerði sér lítið fyrir og vann til gullverðlauna og Gróttu4 krækti í silfur en aðalatriðið var þó mikil skemmtun, einstök samvera og að sjá þær miklu framfarir sem drengirnir höfðu tekið á knattspyrnuvælinum. Framtíðin er sannarlega björt.

Samningur Seltjarnarnesbæjar við Íþróttafélagið Gróttu



Myndin var tekin við undirritun samningsins þar sem viðstaddir voru Haukur Geirmundsson sviðsstjóri íþrótt- og tómsundasviðs, Kári Garðarsson íþróttastjóri Gróttu, Elín Smáradóttir formaður aðalstjórnar Gróttu, Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri Seltjarnarness, Magnús Örn Guðmundsson formaður ÍTS og Baldur Pálsson fræðslustjóri.

Fimmtudaginn 1. september, var undirritaður nýr rekstrarsamingur Seltjarnarnesbæjar við Íþróttafélagið Gróttu sem mun gilda til reynslu út árið 2018.

Rekstrarsamingurinn felur í sér að Íþróttafélagið Gróttu tekur að sér rekstur og starfsemi íþróttamannvirkja Seltjarnarnesbæjar, nánar tiltekið íþróttahús, fimleikahús og gervigrasvöll. Seltjarnarnesbær og Íþróttafélagið Gróttu hafa átt farsælt samstarf um langt árabil. Á næsta ári fagnar Gróttu fimmtíu ára afmæli, en á þeim áratugum sem liðnir eru frá stofnun félagsins, hefur bærinn byggt upp myndarlega aðstöðu fyrir félagið ásamt því að styðja við fjárhagslegan rekstur þess.

Bæjarstjórn Seltjarnarness fagnar hinum nýja samstarfssamningi við Íþróttafélagið Gróttu og vonar að með honum muni félagið vaxa og dafna sem aldrei fyrr. Íþróttir hafa löngum verið í hávegum hafðar í rekstri og starfsemi bæjarins og þar hefur Gróttu verið bæjarfélaginu afar mikilvægur hlekkur. Gróttu hefur borið hróður bæjarfélagsins víða og er starfsemi félagsins bæjarfélaginu afar mikilvægt. Það er von bæjarstjórnar að samningurinn hvetji Íþróttafélagið Gróttu til enn frekar dæða og afreka.

Samninginn undirrituðu Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri Seltjarnarness og Elín Smáradóttir formaður aðalstjórnar Gróttu.

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinn er Jórunn María Þorsteinsdóttir sem varð stúdent í vor frá Verzlunarskóla Íslands. Jórunn María hefur verið virk í störfum í nemendafélögum skóla sinna, bæði í Verzlunarskólanum og Valhúsaskóla en hún er fædd og uppalin á Seltjarnarnesi. Hún var ein þriggja stofnenda að fyrsta meistaraflokki kvenna hjá Gróttu í janúar á þessu ári, þar sem hún bæði æfir og þjálfar fótbolta. Hún stofnaði súkkulaðifyrirtækið SÖLVA Chocolates ásamt fjórum bekkjarsystkinum sínum úr Verzló og eftir að hafa fengið titilinn Fyrirtæki ársins hjá JA Iceland komust þau inn í viðskiptahraðalinn Startup Reykjavík. Nú vinna þau hörðum höndum að uppbyggingu fyrirtækisins en það er eina íslenska súkkulaðifyrirtækið sem framleiðir 100% lifrænt súkkulaði. Súkkulaðið er búið til beint frá kakóbauninni en þær koma frá Tanzaníu.

Fullt nafn? Jórunn María Þorsteinsdóttir.

Fæðingard. og ár? 25. október 1996.

Starf? By til súkkulaði hjá SÖLVA Chocolates og þjálfar fótbolta hjá Gróttu.

Farartæki? Foreldrar mínir og amma mín eru ansi dugleg að lána mér bílana sína.

Helstu kostir? Læt aðra dæma um það.

Eftirlætis matur? Lambahryggur ala mamma.

Eftirlætis tónlist? Fer eftir dögum.

Eftirlætis íþróttamaður? Hörð keppni milli Tinnu Bjarkar Jónsdóttur og 6. flokks kvenna.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Allt sem Shonda Rhimes býr til.

Besta bók sem þú hefur lesið?

The Hunger Games.

Uppáhalds leikari? Steve Carell og Tina Fey.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Besta er Schindler's List en upphalds er

10 Things I Hate About You.

Hvað gerir þú í fristundum þínum?

Nýt þess að vera með fjölskyldu og vinum.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Lake Como.



Hvað metur þú mest í fari annarra?

Heiðarleika, húmor, jákvæðni og áreiðanleika.

Hvern vildir þú helst hitta?

Ellen Degeneres.

Uppáhalds vefsíða? Twitter.

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Það er svo stutt í það, vil ekki gera þetta of auðvelt fyrir mína nánustu.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti? Mig langar að skoða heiminn en íbúðarkaup væru líka ofarlega á lista.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Bæta við klefum fyrir knattspyrnuíðkendur, lengja opnunartíma sundlaugarinnar og stækka fimleikasalinn.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni? Hamingju.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu? Þjálfaði og spilaði fótbolta, tók þátt í Startup Reykjavík og skemmti mér með vinum og fjölskyldu, bæði innan og utanlands.



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:
Mánud., Þriðjud. og Miðvikud.
12:00 til 15:00.
Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.
Föstudaga
13:00 til 19:00.
Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00.
Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00.



**GETRAUNANÚMER
GRÓTTU ER
170**



**HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN**

**TAKTU MED
BORDAÐU Á STAÐNUM**

Alvörumatur





www.borgarblod.is

DAGSKRÁ HAUST 2016

OKTÓBER - NÓVEMBER

4. október kl. 19.30



Bókasafn Seltjarnarness
– **Bókmenntakvöld**

70 ár í Dalnum. Marín G.
Hrafnsdóttir bókmenntafræðingur
og langömmubarn Guðrúnar frá
Lundi fjallar um rithöfundinn



5. október kl. 17.30

Sögustund fyrir yngstu börnin

Lesin verður sagan
Gerðu eins og ég

Höfundar:
Eva Þengilsdóttir
og Bergrún Íris
Sævarsdóttir



6. október kl. 17.00



Gallerí Gróttá
– **Sýningaropnun**
Messíana
Tómasdóttir

Sýningu lýkur 4. nóvember

11. október kl. 20.00




Stefnumót undir merkjum
hannyrðahópsins
SelGARNanes og nágrenni

13. október kl. 17.30

Tónstafir

Björgvin R.
Hjálmarsson
saxófónleikari
og Rögnvaldur
Borgþórsson
gítarleikari



1. nóvember kl. 19.30



Bókasafn Seltjarnarness
– **Bókmenntakvöld**
Fjallað verður um bókina
Dimmu eftir Ragnar Jónasson



2. nóvember kl. 17.30

Sögustund fyrir yngstu börnin

Lesin verður sagan
Palli var einn í heiminum
Höfundur: Jens Sigsgaard




3. nóvember kl. 17.30



Tónstafir

Ásgeir Ásgeirsson
jazzgítarleikar
ásamt bassista

10. nóvember kl. 17.00



Gallerí Gróttá
– **Sýningaropnun**
Anna Rún
Tryggvadóttir

22. nóvember kl. 20.00



Rithöfundakynning



Bókasafn
Seltjarnarness

Opnunartími: mán. - fim. 10-19 og fös. 10-17

Eiðistorgi 11, 170 Seltjarnarnes, Sími: 5959-170, Netfang: bokasafn@seltjarnarnes.is